

Fréttabréf ÍRA




1. ÁRGANGUR.

5. TÖLUBLAÐ.
JÚLÍ 1979.

OSCAR-gervitunglin má vafalaust telja ein veglegustu afreksverk radióamatöra og ágæt dæmi um alþjóðlega samvinnu þeirra eins og hún gerist bezt. Hinir ýmsu hlutar gervitunglanna eru smíðaðir og hannaðir hver á sínum stað, víða um heim, og loks er verkinu komið saman og hver hluti margprófaður fyrir geimskotið eins og að líkum lætur.

Nú eru virk tvö nýjustu gervitunglin, OSCAR 7 og OSCAR 8. Upplýsingar um sendingar þeirra og staðsetningu yfir jörðu á hverjum tíma má lesa út úr töflum sem m.a. eru birtar mánaðarlega í amatör-tímaritinu QST (útg. ARRL), ásamt sérstökum kortum sem gerð eru til þess arna. Tæmandi upplýsingar um gang gervitunglanna væri of langt að rekja hér, en áhugasömum mönnum með viðtæki á 10 m bandinu



má benda á nokkur atriði. Umferðartími hvors hnattar um jörðu (T) og útsendingarsvið á 10 m (f) eru synd hér að neðan. Einnig senda radióvitar um borð stöðugt út upplýsingar um innra ástand, s.s. hitastig á hverri hlið, straumnotkun, spennu rafhlaðnanna o.fl. á formi talnakóða sem raunar var skýrt nánar frá í CQ-TF fyrir nokkru, en tæmandi upplýsingar um þetta eru bæði til í fórum TF3KB og TF3KX. Útsendingartíðnir radióvítanna eru merktar „beacon”:

	<u>T (u.p.b.)</u>	<u>f</u>	<u>beacon</u>
OSCAR 7:	114,945 mín.	29,4-29,5 MHz	29,502 MHz
OSCAR 8:	103,226 mín.	29,4-29,5 MHz	29,400 kHz

Ekki senda hnettirnir alltaf út á þessum tíðnum, heldur skipta suma daga yfir á VHF-sendingar eða eru jafnvel látnir „hvíla sig” ef aflnotkun hefur verið mjög mikil. Að jafnaði heyrir í hvorum hnetti um 15 mínútur í hverri yfirferð og því ætti að nægja að hlusta á ofangreint tíðnisvið í u.p.b. 2 klst til að ganga úr skugga um hvort annað eða bæði gervitunglin eru virk á 10 m.

Meiri og betri upplýsingar væri gaman að gefa við tækifæri, en þetta læt ég nægja að sinni.

Tilkynning frá gjaldkera: Sumarið er tími framkvæmdanna. Til þess að öllum fyrirliggjandi verkefnum verði lokið fyrir veturinn, er nauðsynlegt að félagar inni árgjaldið af hendi við fyrsta tækifæri.

UPPBOÐ OG FLÓAMARKAÐUR: Hinn 16. júlí n.k. sem er mánudagur verður haldið uppboð og flóamarkaður á ýmsu radiódóti, sem félaginu hefur áskotnast. Tekjum verður varið til uppbyggingar smíðaaðstöðunnar. Látið ekki happ úr hendi sleppa og notið tækifærið til að styrkja smíðaaðstöðuna í leiðinni. Byrjar kl 2030 að Dugguvogi 1.

CQ TF kom út í mánuðinum og vel úr garði gert eins og endranær. Jónas, TF3JB, hefur þó þar við sama vanda að stríða og fyrr, óendanlegt áhugaleysi félaganna. Ég tek því undir áskorun Jónasar um að menn láti efni af hendi rakna, bæði í Fréttabréfið og CO-TF.

DX-fréttir: Skilyrði í júní hafa verið frekar léleg. Þau voru ágæt fyrst í mánuðinum en hafa síðan verið upp og ofan og short-skip verið einkennandi.

10 m hafa verið ónothæfir en 15m hafa opnast ágætlega í frekar stuttan tíma í senn. Svipaða sögu er að segja af 20 m sem þó hafa verið nokkuð góðir á morgnana um og upp úr 0700 GMT. Þá hafa heyrst nokkuð sterk merki frá Ástralíu, s.s.: A35,H44, KHH6,P29,VK,YB,ZL o.fl. VK-stöðvarnar hafa þó verið áberandi sterkastar.

Um 40 m og 80 m er frekar lítið að segja, nema hvað DX-skilyrði þar hafa verið léleg. Dauf merki hafa heyrst frá N-og S-Ameríku. Þar er helst að nefna LU9EIE á 80 m CV upp úr 0000 GMT.

20m CW CE3CEW(0229),CT2QN(1957),ZB2EO(0953),ZD8TG(0037)

SSB 9K2EW(0302),VE1AST/-1(1043) ,D4CBC(1 510) ,VP5PX(221 9)

15m CW VE1AIH/1(1409),HP1AC(0216)

SSB EL7C(1826),HH2TD(0203),OA4CDQ(0244)

-VE1AIH/1 og VE1AST/1 var DX-pedition á Sable Is. undan austurströnd Kanada. Hún telst sér DXCC-land. QSL via VE1AIH.

-XF4MDX var DX-pedition á Revilla Gigedo. Það er eyja töluvert vestur undan ströndum Mexíkó. Merkið frá þeim heyrðist hér á landi um svipað leyti og Ástralía en aðeins S 1-2.

-OH0DX, DX-pedition til Álandseyja verður QRV 4-13 júlí nk.

Tíðnirnar verða: CV: 14025,21025,28025 KHz.;SSB: 14195,21295, 28595 KHz. QSL via OH2BH.

-73s de TF3YH.

Orðabýðingar voru til umræðu í einhverju af fyrstu fréttabréfunum. Frá því er skemmst að segja, að þrátt fyrir yfirlýsta velþóknun margra félaga á þessu máli og tal um að leggja málinu lið, hefur enginn gert svo mikið sem að lyfta penna fremur en fyrri daginn..... Hins vegar má TF3AC eiga það, að hann gerði athugasemd við þýðingarnar, þótt ekki þyki mér hún af betra taginu. Brást hann illa við að vera kallaður OSL-stjóri, því QSL-„manager” hefði unnið sér hefð hér sem annars staðar. Núnú, ég ætla þá ekki að hrófla við managernum að sinni, enda hefur hann sinnt starfi sínu fyrir félagið af slíkri þrýði að aðrir embættismenn þess ættu að taka Guðjón sér til fyrirmyndar. Umsjónarmaður þöntunarfélagsins, Heimir Þór, kvaðst aftur hæstánægður með að vera PÍRA-stjóri og vildi jafnvel kalla sig „stjórnarformann og aðalframkvæmdastjóra PÍRA-verzlunarhringsins á Íslandi.....”

Fyrstu TF útileikarnir 1979: Stjórn Í.R.A. hefur þá ánægju, að kynna fyrstu TF útileikana, sem haldnir verða um verzlunarmannahelgina 1979. Tilgangur þeirra er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlega stöðva við sambönd. innanlands. Skipulagning; leikanna er með “contest” sniði, en þó með þeim mun, að hámarks þáttökutími hverrar stöðvar er 9 klst. skipt í þrjú þriggja stunda tímabil. Með þessu móti þurfa menn ekki að hafa sambönd. í einum spreng í langan tíma, eins og í venjulegri keppni, heldur hafa menn tíma til að koma sér fyrir, prófa mismunandi loftnet, hafa QSO af öðru en keppnistagi og síðast en ekki síst fær fjölskyldan etv. tækifæri til að fá áheyrn við og við.

Reglur eru eftirfarandi:

1. Tími: Hverjum þátttakanda er heimil þátttaka á eftirfarandi tímabilum:

kl. 1500 - 1800 GMT laugardag 4. ágúst

kl. 0800 - 1100 GMT sunnudag 5. ágúst

kl. 1800 - 2100 GMT sunnudag 5. ágúst

2. Skilaboð: TF stöðvar skiptist á eftirtöldum upplýsingum:

a) RST + QSO númer(001, 002 os.frv.)

b) QTH

c) loftnet

d) inngangsafl í wöttum + stafirnir ER eða RA.

ER þýðir að stöðin fái rafmagn sitt Ekki frá RAfveitukerfi. RA

þýðir að stöðin fái rafmagn sitt frá RAfveitukerfi.

Dæmi: 569 001 Hengill LW 5W ER

Sé skipt við erlenda stöð, skal tekið á móti frá henni:

a) RST

b) Nafn

c) QTH

QSO númer skal skráð í dagbók en ekki. sent.

3. Fullgild QSO: Samband telst þá og því aðeins fullgilt, að:

a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum réttum.

b) Skilaboð séu rétt móttækin hjá báðum.

c) Heyrst hafi R (Roger = allt rétt móttækið) frá stöðinni, sem skipt er við, um að hún. hafi náð öllu réttu.

d) Ekki hafi verið haft samband. við stöðina áður á viðkomandi bandi og þáttökutímabili.

4. Tegundir útgeislunar: Allar tegundir útgeislunar, sem eru leyfilegar skv. leyfisbréfi eru jafngildar.

5. Punktur: Aðeins eru reiknaðir punktar fyrir fullgild sambönd. Þannig:

8 p. fyrir ER stöðvar(Ekki tengdar við rafv.).

4 p. fyrir RA stöðvar(Tengdar við rafveitu).

2 p. fyrir stöðvar utan Evrópu.

1 p. fyrir erlendar stöðvar í Evrópu.

Heimilt er að hafa QSO við sömu stöð á fleiri en einu bandi.

Einnig er heimilt að hafa QSO við sömu stöð á öllum þátttöku-tímabilunum. Fyrir þetta reiknast punktar eins og um nýja stöð væri að ræða.

6. Margfaldari: Hann er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við óháð bandi eða tíma.

7. lokaárangur: Lagðir eru saman punktar fyrir öll fullgild QSO á öllum böndum og þátttökutímabilum og margfaldað með margfaldara. Sú útkoma er síðan margfölduð með 5 fyrir ER stöðvar og 2 fyrir RA stöðvar.

8. Flokkar: Keppt er í 4 flokkum eftir inngangsafli þannig:

I. 0 Wött = hlustarar.

II. >0 - 5 Wött

III. >5 - 50 Wött

IV. yfir 50 Wött

9. Bönd: Öll amatörbönd leyfileg skv. leyfisbréfi.

10. Hlustarar: Þeim reiknast punktar á grundvelli fullgildra sam-banda, sem þeir heyra og skrá. Að öðru leyti gilda UM þá sömu reglur og aðra.

11. Þátttaka: Hún er öllum heimil innan íslenskrar lögsögu í samræmi við leyfisbréf hvers og eins.

12. Dagbók: Afriti af dagbók skal skila til stjórnar Í.R.A. fyrir 15. sept. 1979. Þar skal vera skráð: kallmerki, tími, dags. band, punktar, margfaldari og skilaboð bæði send og móttekin.. Nota skal sér blað fyrir hvert band. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn., heimilis-fang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

15. Viðurkenning: Verður veitt hæstu stöð í hverjum flokki, svo og öllum ER stöðvum.

14. Vafaatriði: Rísi einhver vafaatriði um túlkun þessara reglna hefur stjórnin, eða þeir, sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðarvald.

Samanburður á lóðréttum loftnetum fyrir 80 m:

Undirritaður og TF3YH tóku sig saman um að gera mælingar með góðra manna hjálp á eftirtöldum lóðréttum loftnetum




- 1) 6 m langt gormnet (helical) á bambusstöng.
- 2) 6 m langur beinn vír á bambusstöng, spóla við botn.
- 3) Bílloftnet af „Master Mobile” gerð, 3,7 m langt. Spóla 1,1 m frá botni.

Í öllum tilvikum var loftnetum fest upp á Land Rover og bíllinn notaður sem mótvægi. Engin sérstök fæðilína var notuð, heldur var tengt stystu leið í sendinn inni í bílnum. Spólurnar voru af „Master Mobile” gerð, sams konar og þeir framleiddu áður fyrir fyrir Radíóverkstæði landsímans til notkunar á 2790 kHz, en hér stytta eftir þörfum.

Sent var frá opnu svæði nálægt miðjum Fossvogsdal og tekið á móti í TF3IRA. Tíðnin var 3710 kHz.

Lítill sem enginn munur var merkjanlegur á þessum þremur loftnetum e.t.v. var þó bílloftnetið ívið skást. Munurinn var þó ekki talinn meiri en u.þ.b. 1 dB.

-TF3DX.



Líklegast kannast allir amatórar og hlustarar við „vélbyssuna” illræmdu, sem hefur gert mörgum DX- mannum lífið leitt með truflunum á HF-

böndunum. Þessar truflanir draga nafn sitt af hljóðinu sem þær valda í viðtækjum, þ.e. stuttum en tíðum púlsum sem virðast heyrast a.m.k. allt frá miðbylgjunni og upp fyrir 30 MHz. Vélbyssan (sem sumir enskumælandi menn kalla einnig „woodpecker” -fuglstegund) getur heyrt á mörgum amatöraböndum samtímis og kemst oft upp fyrir S9 á styrkmælum viðtækja. Um uppruna óhljóðanna fer mörgum sögum, sumir telja þau stafa frá radarmælingum einhverskonar, aðrir segja þau upprunnin í hröðlum eða hraðli í kjarnorkuverum eða -athugunar-stöðvum. Öllum ber þó saman að truflanirnar eigi upptök sín í Sovétríkjunum.

Að því er TF3YH segir, mun stundum vera unnt að losna við þessar

truflanir, a.m.k. skamma stund í einu. Ef tekst að finna „miðjutíðni“ truflunarinnar og send er runa af punktum (úr sjálfvirkum morslykli) ofan í vélbyssuna, tekst stundum að þagga niður í henni. Tíðni punktanna verður að vera sú sama og tíðni vélbyssupúlsanna. Ekki eru allir sáttir við þessa aðferð og segja það tilviljanir að byssan hættir við ofanígjafir af þessu tagi. Yngvi segir sér þó hafa tekizt að losna svona við óhljóðin í nokkrar mínútur, en þá byrji þau aftur stuttu síðar, og á annarri tíðni. Ef þetta ber raunverulega árangur, þá er líklegast að radartruflanir af einhverju tagi séu hér á ferðinni, fremur en truflanir frá kjarnorkurannsóknunum. A.m.k. virðast fleiri kunnugir aðferðinni hans Yngva, því stundum kemur fjöldinn allur af amatörastöðvum saman og sendir hver í kapp við aðra ofan í vélbyssuna, sem að lokum lætur í minni pokann, hvort sem það er af völdum amatöranna eða einhvers annars.

TIL SÖLU:

Heathkit DX-60B sendir, f. kristalstýringu eða VFO, CW og AM. Mjög vel með farinn og notaður í 1 ár, öll amatöraböndin.

2 stk. Midland 2 metra stöðvar, model 13-500. Tíðnimótun (FM), 12 rásir, 1 eða 15 W út, með fylgihlutum (þ.á.m. kristöllum) og leiðbeiningarbæklingum. Ganga fyrir 12 Voltum.

Lafayette HA-800B móttakari fyrir 10-80m (og 6m að auki), SSB, CW, AM. Innbyggður 100kHz kvarði (calibrator). 220V.

Yaesu Musen FRG7 viðtæki f. samfellda hlustun frá 500kHz til 30 MHz, SSB, CW og AM. Gengur fyrir 220V, 12V og innsetjanlegum rafhlöðum.

Kenwood TS-820 m. öllu nema digltalkvörðun, 12V spennugjafa og CW-filter. 2 ára, en aðeins notaður til hlustunar sl. 1 1/2 ár.

ACCU-lykill, 220V/12V, innbyggður súmmer, úttak f. handlykil, skiptari f. hægri/vinstri handar lyklun. Ten-Tec pöllur innbyggðar m. segulstyrðri fjöðrun.

Ten-Tec model KR-50 sjálfvirkur morslykill m. innb. súmmer, þyngdarstilli o.fl. Gengur á 110V.

Uppl. : Jónas Bjarnason (TF3JB)
Sími; 8-30-40 (kl. 17-19)
2-22-47 (annars).

Seljum í stykkjatölu alls konar rafeindaefni, eins og:

Viðnám, þétta, díóður, transistora., dvergrásir, spenna og margt fleira.

Ennfremur vörur frá JOSTY KIT, eins og:


Dimmer AT 357,

2 Amper snertistilli,

Ljósashow AT 468, 4x2 Amper,

Spennubreyti NT 300, 2 Amper, 3-30 Volt,

SYSTEM MIX -ný tegund af hljóðmixer frá JOSTY KIT.



Og síðast, en ekki sízt: Sjálfvirkur morslykill í einni dvergrás, CURTIS 8047 (sjá m.a. félagsblað ÍRA, CQ-TF, síðasta hefti).

-Íslenzkur verð- og vörulisti.

-Sendum í póströfu.

 **SAMEIND HF.**

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 7150 127
REYKJAVÍK SÍMI 91-21386 NAFNNR.7472-8014



TÍZKUEAFLUN
Læggvögi 37 og 89
sími 12841 Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar
www.visir.is

FJÖLRITUNARSTOFA DANÍELS HALLDÓRSSONAR

-hefur fjölritað fréttabréfið á vildarkjörum og á margfaldar þakkir skildar fyrir ásamt auglýsendum, sem sýnt hafa okkur velvilja í verki.

FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenzkir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. &, ábm. :Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk,

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

